

EES-STOFNANIR

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 173/2018

2021/EES/15/01

frá 21. september 2018

um breytingu á I. viðauka við EES-samninginn (Heilbrigði dýra og plantna)

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/307 frá 28. febrúar 2018 um rýmkun á sérstökum ábyrgðum varðandi *Salmonella spp.*, sem mælt er fyrir um í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 853/2004, svo að þær nái til kjöts af holdakjúklingum (*Gallus gallus*) sem á að flytja til Danmerkur ⁽¹⁾.
- 2) Ákvörðun þessi varðar löggjöf um heilbrigði dýra. Ákvæði löggjafar um heilbrigði dýra skulu ekki gilda að því er varðar Liechtenstein meðan ákvæði samnings Evrópubandalagsins og Sambandsríkisins Sviss um verslun með landbúnaðarvörur taka einnig til Liechtenstein, eins og kveðið er á um í aðlögunarákvæðum vegna einstakra atvinnugreina í I. viðauka við EES-samninginn. Ákvörðun þessi á því ekki að taka til Liechtenstein.
- 3) I. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRÐUN:

1. gr.

Eftirfarandi lið er bætt við á eftir lið 17a (framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 427/2012) í hluta 6.1 í I. kafla I. viðauka við EES-samninginn:

„17b. **32018 R 0307**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/307 frá 28. febrúar 2018 um rýmkun á sérstökum ábyrgðum varðandi *Salmonella spp.*, sem mælt er fyrir um í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 853/2004, svo að þær nái til kjöts af holdakjúklingum (*Gallus gallus*) sem á að flytja til Danmerkur (Stjtið. ESB L 60, 2.3.2018, bls. 5).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti framkvæmdarreglugerðar (ESB) 2018/307, sem verður birtur í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 22. september 2018, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram ^(*).

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 60, 2.3.2018, bls. 5.

^(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 21. september 2018.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Oda Helen Sletnes

formaður.